



104. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 25. nóvember, 2004, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Lionsklúbbi Blönduóss.
2. Fundargerð Anvest.
3. Tilboð frá þremur tryggingarfélögum í tryggingar Blönduóssbæjar, Félagsheimilisins og Brunavarna.
4. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar 2005.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Erindi frá Lionsklúbbi Blönduóss.

Formaður og gjaldkeri Lionsklúbbs Blönduóss fara þess á leit við sveitarfélagið að aðstoðað verði við uppsetningu og frágang skilta vegna útsýnisskífu sbr. bréf til skipulags- og bygginganefndar dags. 15. nóvember 2004.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar 2005.

2. Fundargerð Anvest.

Fundargerðin er frá 12. nóvember 2004 og er lögð fram til kynningar.

3. Tilboð frá þremur tryggingarfélögum í tryggingar Blönduóssbæjar, Félagsheimilisins og Brunavarna.

Hinn 22. nóvember sl. voru formlega opnuð tilboð í tryggingar Blönduóssbæjar, Félagsheimilisins á Blönduósi og Brunavarna A-Hún.

Leitað var til þeirra tryggingafélaga sem umboð hafa á Blönduósi; þ.e. Sjóvá-Almennra, Vátryggingafélags Íslands og Tryggingamiðstöðvarinnar. Sbr. meðfylgjandi gögnum er tilboð frá Vátryggingafélaginu lægst og er bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við Vís.

4. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar 2005.

Farið yfir helstu málaflokka, tillögur og drög að áætluninni. Eftir miklar umræður um einstaka liði vísar bæjarráð drögum fjárhagsáætlunar til næsta fundar bæjarstjórnar.



5. Önnur mál.

a. Tímabundið leyfi bæjarfulltrúa.

Í bréfi, dags. 17. nóvember sl. óskar Auðunn Steinn Sigurðsson, bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Blönduóssbæjar, eftir tímabundnu leyfi frá störfum bæjarstjórnar til loka kjörtímabilsins, sbr. 39. gr. samþykktu Blönduóssbæjar. Bæjarráð veitir Auðunni Steini leyfið, þakkar honum gott samstarf og óskar honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

b. Aðalfundur Brunavarna A-Hún. *Auðunn Steinn óskar eftir skriflegu svari um það hvenær halda eigi aðalfund Brunavarna A-Hún með fulltrúum Héraðsnefndar A-Hún.*

Bæjarstjóri tjáði að boðað væri til stjórnarfundar í næstu viku og að stefnt væri að aðalfundi í tengslum við Héraðsnefndarfund í desember nk.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 20:10**

*Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)